



9. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík 3. júní 2016

Mætt eru Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Helga Jóhannsdóttir (HeJ), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Björn Grétar Baldursson (BGB), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Kristinn Óskar Grétuson (KÓG).

1. Fundur settur kl.15:00.

2. Kynningar á umsóknum vegna Unglingalandsmóts UMFÍ 2019.

- **USÚ** Jóhanna Íris Ingólfssdóttir formaður USÚ og Björn Ingi Jónsson frá Sveitafélaginu Hornafirði.
- **UMSS** Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir framkvæmdastjóri UMSS.
- **HSK** Bragi Bjarnason menningar- og frístundafulltrúi Árborgar, Guðríður Aadnegard formaður HSK og Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Árborgar.

Ákvörðun um landsmótsstað 2019 ákveðin samhljóða og verður tilkynnt á Unglingalandsmóti í Borgarnesi.

HeJ kom inn á fund kl.17:15.

SÓJ kom inn á fund kl.18:00 í gegnum fjarfundarbúnað.

3. NSU. Rætt um starf NSU. Tveir sambandsaðilar hafa lýst áhuga á því að taka að sér að hýsa starfsmann NSU. AIP og HeJ falið að ræða við þessa aðila og fara yfir hvað verkefnið felur í sér.

4. Stefnumótun. Lítillega farið yfir drög að stefnumótun UMFÍ. Ákveðið að halda vinnufund og ljúka formlegri vinnu við stefnumótun þar.

5. Önnur mál.

- a. Málafni Héraðssambands Snæfells- og Hnappadalssýslu (HSH) rædd. Ekki hefur verið haldið sambandsþing HSH síðan 2014. AIP falið að senda formönnum aðildafélaga HSH bréf um að lottógreiðslur hafi verið frystar þar

sem sambandið hafi ekki uppfyllt skilyrði til að fá þær greiddar. AIP einnig falið að koma á fundi með stjórn sambandsins og framkvæmdastjóra.

- b. Samstarfsverkefni UMFÍ og Key habits. Drög að samstarfssamningi liggur fyrir um námskeið í markmiðasetningu. AIP falið að semja um eitt námskeið til reynslu.
- c. Umsókn um styrk v. Rannsóknarverkefni í siðferði og gildum í íþróttum. UMFÍ sýnir verkefninu áhuga, framkvæmdastjóra falið að ræða frekar við umsækjanda.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.19:40.
HrJ ritaði fundargerð.**